

**KJARVAL**

Godá lambanýru  
**298** kr.

Godá lambalifur og lambahjörtu  
**398** kr./kg

**Hagkvæmt í heimaþýggð**

Heðsla þrómadrykkur vanílu og jarðarberja  
**169** kr./flk.

Pepsi, Pepsi Max, Mountain Dew og appelsín  
**99** kr./flk.

Íslenskt spergifkál  
**299** kr./kg

AXA HAVRE GRYN  
Axa haftramjól, 1 kg  
**398** kr./pá.

**-í sláturgerðina**

Ball, perlufyltur, 25 l  
**1690** kr./flk.

Sláturgarn og nálur  
**1764** kr./flk.

Slátumatur, 10 stk.  
**399** kr./flk.

**KJARVAL** Klaustur Sími 487 4818 | Vín Sími 487 1325 | Hvítlíkur Sími 585 7590 | Þorlákshöfn Sími 585 7585 | Hella Sími 585-7505

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**



Áslaug Einarsdóttir  
Þjónustustjóri VÍS

verður til viðtals á skrifstofu  
Skaftárhrepps **þriðjudaginn 21.  
sept. nk. frá kl. 13-15.30**

Sími VÍS 867 9750

Héraðsbókasafn  
Vestur-Skaftafellssýslu

Ránarbraut 1  
870 Vík

verður opið í vetur mánudaga og  
miðvikudaga **kl. 18-20  
frá 20. september**

Lesefni við allra hæfi

Bókavörður

Sá eða Sú !!!

Er tók í misgrípum jakka á  
Réttarballinu á Klaustri um helg-  
ina getur komið honum til skila  
með því að hringja í S:847-9625.

Jakkinn er vindjakki með hettu,  
dökkbrúnn að lit og gulum fern-  
ingum, skær rauð rönd er í fóðrinu  
innan í jakkanum.

Sunnudagurinn  
19. sept. 2010

Sunnudagaskólinn hefst  
næsta sunnudag kl. 11.00 í  
Minningarkapellunni.

Sóknarprestur



37. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 15. SEPTEMBER 2010

# Ferð með eldri borgara.



Fyrirhuguð er ferð fimmtudaginn

16. september 2010

Af óviðráðanlegum orsökum er hætt við ferð til Vestmannaeyja.

Farið verður í Skaftafell.

Mæting á bankaplanið í Vík kl. 10:00

Þátttaka tilkynnist til Jóns Valmundssonar í síma 4871146 eða til Birgis Hinrikssonar í síma 8615692 í síðasta lagi miðvikudaginn 15. september n.k.

Lionsklúbburinn Suðri / Árni og Eyjólfur

## Guðspjónusta kl. 14.00 í Prestsbakkakirkju.

Sunnudagurinn 19. sept. 2010

Kór Prestsbakkakirkju leiðir söng undir stjórn Brian Roger Haroldsson, organista.

Sóknarprestur



### Nýjir Vestur-Skaftfellingar

Til foreldra barana, fæddra á árinu 2010, vinsaml. Sendið Vitanum myndir af börnum ykkar. Við köllum Skaftfellinga ef annað foreldrið er Skaftfellskt og ekki skiptir máli hvar foreldrarnir búa, en við þurfum að fá fæðingardag (þyngd og lengd) og að sjálfsögðu nöfn og heimilisfang foreldra. Við birtum þetta fyrst í Vitanum og síðan á vandaðra formi í jólablaði Fréttabúa. Með bestu óskum og kveðjum til nýbakaðra foreldra, svo og til allra lesenda Vitans. Útg.

### Laðaði sú stutta sykursnúðinn að sér?

Lítill fimm ára gömul hnáta var nýverið að fara að sofa. Móðir hennar ræktaði skyldu sína vel og það með henni bænir fyrir svefninn. Sú venja hefur skapast þar á bæ, að fyrst fer foreldrið með kvöldbæn ásamt telpunni, síðan talar foreldrið smávegis við „Guð“ og að lokum á telpan stutt spjall við „Guð“.

Þegar kom að þeim hluta samverustundarinnar að telpan talaði við Guð þá heyrðist eftirfarandi: „Góði Guð. Getur þú ekki gefið mömmu góða hugmynd ..... eins og til dæmis að fara í bakarið, það væri svo gaman að fá eitthvað gott. ... bless Guð – Amen“

Næsta kvöld ..... „Góði Guð, gætir þú ekki reynt aftur að gefa mömmu þessa góðu hugmynd með að fara í bakarið því þetta tókst ekki hjá þér í gær, mig langar svo mikið í eitthvað svona gott – þú veist. Þakka þér fyrir Guð, .... Amen“.

Það verður nú að skjóta því hér inn í að móðirin unga átti mjög erfitt með að „halda andlitinu“ þegar hún heyrði þessa bæn frá hjarta barnsins.

Og hvað gerðist svo næsta dag þegar móðirin kom úr kennslustund í Háskólanum og var búin að koma báðum börnunum í sætin sín, þá allt í einu og af einhverjum dularfullum ástæðum tók billinn beygju í átt að verslunarkjarnanum í hverfinu. Þegar billinn nam staðar beint fyrir framan bakarið heyrðist úr aftursætinu „Ha – hvert erum við að fara?“ ..... Móðirin: „Ja, mér datt nú í hug hvort við ættum ekki að koma við í bakariinu og fá okkur eitthvað gott með kaffinu? – Eruð þið til í það?“

Þetta sama kvöld, þegar komið var að lokum bænastundar heyrðist þetta frá hnátunni; „Góði Guð, þetta var flott hjá þér, þetta tókst! Mamma fór í bakarið! Þú mátt alveg gefa mömmu þessa góðu hugmynd aftur – þá ætla ég að fá mér eitthvað annað. Takk Guð, Amen“. Síðan kom dálítil þögn .... sem varð lengri – sú litla virtist hugsí og sagði síðan; „og viltu gera það góði Guð, að langömmu minni líði betur? Líður henni betur Guð? Er hún engill Guð? .....löng þögn ..... takk fyrir Guð“.

### Á DÖFINNI

**Dynskógar** - Sögufélag Vestur-Skaftfellinga Aðalfundur félagsins árið 2010 verður haldinn á Ströndinni í Víkurskála laugardaginn 25. september

### RETTARBALL Í TUNGUSELI

Laugardaginn 18. september næstkomandi

**Meningarveisla í Mýrdal** 1. - 3. október 2010  
19. sept. 2010

**Sunnudagaskólinn** næsta sunnudag kl. 11.00 í Míningarkapellunni

**Héraðsbókasafn** Vestur-Skaftafellssýslu verður opið í vetur mánudaga og miðvikudaga kl. 18-20 frá 20. september

### Ferð með eldri borgara.

Fyrirhuguð er ferð fimmtudaginn 16. september 2010. Farið verður í Skaftafell.

**Guðspjónusta** kl. 14.00 í Prestsbakkakirkju sunnudagurinn 19. sept. 2010

**Hótel Klaustur.** Laugardagskvöldin 6. nóvember, 13. nóvember og 20. nóvember okkar margrómuðu villibráðarveislur.

**Hótel Klaustur** Jólamatseðill.  
Laugardagskvöldin 27. nóvember og 4. desember

### Netverslunin - [www.fallegfot.is](http://www.fallegfot.is)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.



7. Umsókn um aðild að byggðarsamlagi Rangæinga um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir að sækja ekki um í byggðarsamlag Rangæinga að svo stöddu. Oddvita, varaoddvita og formanni skipulags- og byggingarnefndar er áfram falið að ræða við fulltrúa Mýrdalshrepps að samstarfi um skipulags- og byggingarfulltrúa.

8. Hækkun gjaldskrár. Gjaldskrá leikskóla og mótuneytis Kirkjubæjarskóla. Samþykkt að þessar gjaldskrár hækki samkvæmt verðlagi.

9. Samstarf í brunamálum. Tillaga um samstarf Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í samstarf þessara aðila um brunavarnir og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjóri og oddviti fari á fund um málið 17. september n.k. á Hvolsvelli.

10. Samstarf vegna upplýsingamiðstöðvar – frá Friði og frumkröftum.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með samstarfið í upplýsingamiðstöðinni í sumar og samþykkir áframhaldandi samstarf.

#### II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 41. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar, 26. ágúst 2010 (II-1) Fundargerðin samþykkt.

2. 115. fundur fræðslunefndar, 16. ágúst 2010 (II-2) Fundargerðin samþykkt.

3. 72. fundur skipulags- og byggingarnefndar, 2. september 2010 (II-3)

1. liður - Endurskoðun aðalskipulags Bókun nefndarinnar, samþykkt

2. liður – Stjórnarsandur, stofnun lóðar. Bókun nefndarinnar, samþykkt.

11. liður –Hrífunes, deiliskipulag ferðabjónustusvæðisins Mýrar.

Bókun nefndarinnar, samþykkt

Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir.

4. 1. fundur atvinnumálanefndar, þessa

kjörtímabils, 31. ágúst 2010 (II-4) Samþykkt.

#### III. Fundargerðir til kynningar.

1. Barnaverndarnefnd – fundargerð 100. fund-ar, 11. ágúst 2010 (III-1)

2. Velferðarnefnd SASS – fundargerð 16. fund-ar, 18. ágúst 2010 (III-2)

3. Heilbrigðisnefnd Suðurlands – fundargerð 128. fundar, 19. ágúst 2010 (III-3)

4. Skólaskrifstofa Suðurlands – fundargerð 123. fundar, 24. ágúst 2010 (III-4)

5. Samstarfshópur um upplýsingamiðstöð – fundargerð, 30. ágúst 2010 (III-5)

6. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.ágúst 2010

#### IV. Annað kynningarefni.

1. Samgöngu- sveitarstjórnarráðuneytið, skýrsla um endurskoðun gildandi laga-reglugerðarákvæða um Jöfnunarsjóð. (IV-1)

2. Heilbrigðisstofnun, mun ekki tilnefna fulltrúa í rekstrarnefnd Klausturhóla (IV-2)

3. Bréf dags. 31. ágúst 2010, frá stjórn Friða og frumkrafta um opnunartíma í íþróttamiðstöð í vetur.

4. Bréf dags. 1. september 2010 frá Velferðarvaktinni.

5. Fundarboð á fund þann 7. september 2010 í samstarfshóp um mat á sameiningarkostum á Suðurlandi.

Næsti fundur ákveðinn 11. október 2010 kl. 14:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.44  
Guðmundur I. Ingason, Jóna Sigurbjartsdóttir, Þórunn Júlíusdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson.



## Láttu dekra við þig í mat og drykk

Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem matreiðslumaður hótelsins töfrar fram hvern réttinn á fætur öðrum.

### Villibráðarhlaðborð.

Laugardagskvöldin 6. nóvember, 13. nóvember og 20. nóvember verðum við með okkar margrómuðu villibráðarveislur.

Verð pr. mann er kr. 7.150,-

Gisting í tveggja manna herbergi, morgunverður af hlaðborði og villibráðarveisla kr. 14.550 pr mann.

### Jólamatseðill.

Laugardagskvöldin 27. nóvember og 4. desember verðum við síðan á rólegum og rómantískum nótum og bjóðum upp á fjölbreyttan jólamatseðil

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árs hátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vínahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hópa - og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.  
ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR  
sími 487 - 4900.



### Húsið fokhelt

Geymsluhúsið í Skógum, er nú fokhelt, sem sýnir að þar hefur verið vel að verki staðið og ekki slegið slöku við.

Verklök við húsið voru áætluð haustið 2012 í upphafi, en það er 1380 ferm.

Við segjum nánar frá þessu í næsta Fréttabúa. E. *Mynd: Fréttabúi*



Nýverið settu afkomendur þennan fallega stein á leiði hjónanna Ólafs Friðriks Ögmundssonar og Guðbjargar Guðlaugsdóttur. Ólafur var fæddur í Vestmannaeyjum 7. nóvember 1926, d. 20. apríl 2010. Guðbjörg var fædd í Vík 27. júní 1929, d. 19. júlí 2010. Þau hvíla í Víkurkirkjugarði. Blessuð sé minning þeirra. E.

*Mynd af steininum: Helga Halldórsdóttir.*

### FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði mánudaginn 6. september 2010. Fundur hófst kl. 1300 í ráðhúsi Skaftárhrepps. 323. fundur sveitarstjórnar, þrettándi fundur ársins 2010.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er þrjár blaðsíður.

Oddviti býður fyrir hönd sveitarstjórnar nýjan sveitarstjóra Skaftárhrepps, Eygló Kristjánsdóttur velkomin til starfa og væntir ánægjulegs samstarfs.

Sveitarstjóri óskar eftir breytingu á dagskrá þar sem hækkar á gjaldskrár verði teknar fyrir sem 8. liður, samstarf í brunamálum sem 9. liður og erindi frá Friði og frumkröftum um samstarf um upplýsingamiðstöð sem 10. liður í Málafnum til umfjöllunar og afgreiðslu. Einnig að bætt verði inn í fundargerðum til kynningar fundargerð frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tvö erindi verði tekin fyrir í öðru kynningarefni, bréf frá stjórn Friða og frumkrafta um opnunartíma í íþróttamiðstöð og bréf frá Velferðarvaktinni.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Dagskrá

#### I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Samningar um skólaakstur 2010-2012 (I-1)

Í öðrum lið fundargerðar 322. fundar, þann 26. júlí s.l. var gert ráð fyrir að kílómetragjald héldist óbreytt. Síðar kom í ljós að ekki næðist tilætluð hagræðing með því að frysta vísitölu við samningsgerð um skólaakstur. Var því gengið til samninga við bílstjóra á nýjum forsendum og náðist samkomulag um töluverða lækkun á heildarkostnaði. Sveitarstjórn samþykkir nýja samninga.

2. Umhverfisnefnd Ferðaklúbbs 4X4: Stikun leiðar á Breiðbak (I-2)

Sveitarstjórn er ekki tilbúin að veita Ferðaklúbbum 4X4 leyfi til stikunar á leið um Breiðbak. Telur sveitarstjórn rétt að biða með merkingu leiðarinnar þangað til nýtt aðalskipulag fyrir Skaftárhrepp hefur verið samþykkt og fyrir liggur hvort leiðin fellur innan eða utan Vatnajökulsþjóðgarðs.

3. Samningur og umboð til undirritunar samnings vegna málefna fatlaðra. (I-3)

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðra. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Skaftárhrepps á aðalfundi SASS 14. september n.k.

4. Prókúra sveitarstjóra á bankareikninga Skaftárhrepps. (I-4)

Sveitarstjórn samþykkir og undirritar prókúruumboð til handa Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra og fellir jafnframt niður prókúruumboð Bjarna Danielssonar fyrrverandi sveitarstjóra.

5. Viðtalstímar sveitarstjórnarmanna á sveitarstjórnarskrifstofu.

Viðtalstímar oddvita verða áfram 2. og 4. mánudag í mánuði kl 10 – 11:30 og viðtalstímar formanns félagsmálanefndar verði 1. mánudag í mánuði kl. 10 – 11:30 eða eftir samkomulagi.

Oddvita, varaoddvita og sveitarstjóra falið að meta þörf á viðtalstíma annarra nefndarfor-manna.

6. Skólahúsnæði Kirkjubæjarskóla. Framtíðarsýn, notkun.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, yfirmanni tæknisviðs og formanni fræðslunefndar að afla hugmynda hjá hagsmunaaðilum til að koma fram með tillögu að notkun og nýtingu húsnæðisins.

## "Sjómenn á Kanaríeyjum kaupa íslensk ullarnærföt"

Þessi fyrirsögn eftir blaðamanninn Erlu Hlynsdóttur, blasti við þegar opnað er á heimasíðu **visir.is** 10. september 2010 sl.

Í greininni kemur fram að sjómennirnir hafi pantað 400 sett af föðurlandi og 900 pör af ullar-sokkum og af því tilefni vinni Þórir N. Kjartansson, framkvæmdastjóri Víkurprjóns hf., að því hörðum höndum að afgreiða stærstu pöntun sem hann hefur fengið í áraðir en sjómenn á Kanaríeyjum biða nú eftir pöntuninni.

Sjómennirnir fengu að prófa ullarnærfötin, sem í daglegu tali eru kölluð föðurland, og voru það ánægðir með ullina að ákveðið var að panta 400 ullarbolli og 400 ullarbuxur, allt í ljósgráum lit.

Pöntunin barst með milligöngu íslensku útgerðarfélagis en Þórir hefur ekki áður selt erlendum sjómönnum ull.

Þórir fékk pöntunina í ágúst og stefndir á að senda hana utan í október. Hann segir pöntunina koma á hentugum tíma því nú sé ferðamanna-tímanum að ljúka og minna að gera hjá fyrirtækinu. Veturnir fara gjarnan í að safna upp lager fyrir komandi sumar en lagersöfnun þarf aðeins að biða þetta árið hjá Víkurprjóni.

Víkurprjón er í Vík í Mýrdal og selur Þórir stærstan hluta framleiðslunnar til ferðamanna sem þangað koma. Þar eru ullarpeysurnar klassisku vinsælastar. „Ég hef samt alltaf reynt að eiga föðurland hér í búðini. Það eru alltaf einhverjir sem vilja nota þetta. Ég tek oft dæmi af íslenskum kajakraðara sem kom hingað til mín. Þeir lenda oft í vosbúð og kulda á kajaknum. Hann keypti sér svona sett og sagði mér að hann væri búinn að fara í gegn um alla gerviefnavitleysuna, en núna væri hann kominn aftur í gömlu góðu ullina. Hún er alltaf best," segir Þórir.

Í gegn um tíðina hefur Víkurprjón selt töluvert af ullarvörum til útlanda en útflutningurinn verið heldur lítil á síðustu árum. „Þetta var meira áður en þenslan byrjaði og krónan styrktist. Þegar krónan var sem sterkust lagðist útflutningurinn alveg niður og hefur ekki komið

aftur. Allavega ekki hjá mér. Ég reyndar hef ekki svo mikla framleiðslugetu. Ég get framleitt íslensku ullarvörurnar fyrir túristana og svo seljum við sokka um allt land," segir Þórir. Hann er bjartsýnn á að útflutningurinn sé nú að taka við sér. „Ferðamennirnir kvörtuðu mikið undan okri um 2007. Nú kvartar enginn. Allir eru ánægðir og kaupa mikið. Ég hef fullan hug á að stækka fyrirtækið og auka framleiðsluna en það getur gengið hægt á þessum litlu stöðum. Hér er ekkert framboð af vinnuaflí. Það vantar frekar fólk í vinnu heldur en hitt. Hér er ekkert atvinnuleysi," segir Þórir.

### Hollráðabankinn

VITINN hyggst gera tilraun með svona þátt ef pláss leyfir, nú biðjum við lesendum um hollráð.

#### Það má nýta olíuna

Úrgangsmurolíu af dráttarvélum má nýta í það minnsta í sveitunum. Olían af diselvéllum, sem er orðin svört af sóti er sérlega góð til fúavarnar, best að hún sé sem svörtust.

Þessu til staðfestu vil ég greina frá því að þegar við bræður byggðum kúahlöðuna hér á Skeiðflöt 1957, kústuðum við sperru og langbandaefnið allt úr svartri smurolíu, sem fengin var á Smurstöðinni hjá Sigurður Gunnarssyni, en í dag er líka þakefnið (þ.e. timbrið) allt eins og nýtt.

Allir girðingarstaurar voru látnir liggja í olíubaði en fyrir notkun voru þeir látnir veðrast svo hægt væri að meðhöndla þá.

Olíu af bensínvéllum er gott að nota til ryðvarnar á vélum og bílum (neðan í undirvagninn), ss. lokað rými en þá þurfa menn að hafa úðakönnu með barka og tectylkönnu. Loftþessa er til á flestum býlum eða ætti að vera það. Til að sprauta eða úða olíunni þarf í mörgum tilfellum að þynna hana með hráolíu.

Þá getur verið gott að blanda aðeins Tectyl (ryðvarnarlög) í olíuna.

Tilfinnanlega vantar hér á svæðinu þjónustu á þessu sviði, þótt bílar séu ryðvarðir í upphafi, þornar ryðvörnin og skemmist með tímanum og þá getur verið gott að bleyta í henni með olíu.

E.

### MAN ÉG ENN MENJALUNDINN

Það er ein gömul sögn að einu sinni var bóndi sá er átti dóttir so fríða að engin fannst slík.

Urðu margir til að biðja hennar, en hún neitar öllum biðlum. Var það oft að hún hvarf á kvöldum og vissi enginn hvort hún fór.

Þar kom að faðir hennar trúlofar hana manni nokkrum og má hún nauðug með honum ganga. Fyrsta kveld veislunnar var gleði mikil og drykkja góð. Slokkna þá ljósin að skyndingu; kemur þá faðir brúðarinnar í húsið því út hafði hann gengið. Vindur hann þá upp ljósi nokkru undan síðhempu sinni. Sáú menn að brúður var af bekk hlaupin og ætlar til dyra.

Tók hún þá ógleði nokkra um tíma, en fyrir aðgjörðir föður hennar batnaði þegar frá leið og unnti hún manni sínum so mikið að hún fylgdi hönum á sjó og landi. Áttu þau mörg börn og liðu langar stundir.

Það bar til eitt kvöld að gildi nokkru að menn heyrðu þetta kveðið með sorgarróm:

Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn  
mest fyrir dyggðir flestar;  
engri áður né síðan  
ann ég betur en svanna.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Sá ég í gleðinni svannann bjarta,  
sýndist mér hann fullvel skarta.  
Tók ég í hönd á tigginn svanna,  
trú' ég það kynni mér enginn banna.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Hlupu á fætur höldar snjallir;  
höndla vildu þeir mig allir.  
Ég komst á bitann og beint í skuggann,  
burt þaðan og út um gluggann.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Reið ég so frá rjóðu vífi,  
reyrði sorgin fast að lífi,  
með so sáru sútarkífi  
sorgin stranga mig gjörði að fanga.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Síðan hef ég ei séð hana tróðu,  
so hefur rénað lyndi góðu,  
gengið samt um gleðinnar slóðir;  
gjörði þá angríð mig að fanga.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Frúinnar nafn er framan í hliðum,  
fagurt skín sól með geislum blíðum  
ás og nauð með ekka stríðum;  
inna vil ég hvað heitir kvinna.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Frúinnar nafn er fosome undir,  
falist hefur um langar stundir;  
þorn og ó er í þessu bundið,  
þar með ós og lögurinn ljósi.  
Man ég enn lundinn,  
man ég enn menjalundinn.

Er það eftir konunni haft að huldumaður  
hefði átt vingott við sig og hefði viljað ná sér;  
kvæði hann nú þetta og væri víst að  
dauða kominn. Varð síðan ekki hans vart.

*Úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar*

**Myndaalbúm sem SKAFTÁRHREPPUR - FRÍÐUR OG FRUMKRAFTUR á. (Úr myndasafni frá Skálmabæ, tekið til af Kolbrúnu Gestsdóttur. Ef þið þekkið fólkið vinsaml. hafið samband.**



**Gosfénu smalað í Meðallandi**

Sérstakar réttir voru 26. ágúst sl. til að draga það fé sem flytja þurfti af svæðinu í kringum eldgosin á annað svæði í vor. Þessari sérstöku rétt var komið fyrir á Leiðvallartúnunum gömlu í Meðallandi en þar var dregið í dilka.

Hermann Árnason fjallkóngur sagði réttir og leitir hafa gengið vel þegar Morgunblaðið náði tali af honum. „Þetta gengur nú bara ótrúlega vel. Þetta er auðvitað heilmikið mál. Það er mikið mál að koma þessu saman og koma fénu þangað sem það á heima,“ sagði Hermann en féð var dreift um sjö þúsund hektara svæði.

„Þetta eru um tvö þúsund og fimm hundruð fjár. Ég á von á því að það sé hér að mestu leyti,“ segir Hermann. Það er talsvert meiri fjöldi á svæðinu en venjulega þar sem féð af gossvæðinu var flutt á svæðið í vor,

*Myndir: Jónas Erlendsson. - Úr MBL | 27.8.2010*